





UM MÚR OG MÁL

Allt frá árinu 1982 hefur Múr og málningarþjónustunni Höfn ehf, verið treyst fyrir vandasömum verkefnum. Í rúmlega 40 ár höfum við ekki aðeins sérhæft okkur í öllu sem við kemur viðhaldi og viðgerðum bygginga heldur má um allt land finna hús, af öllum stærðum og gerðum, sem við höfum reist frá grunni í gegnum árin.

Styrkur Múr og mál hvílir á getu okkar til að sinna fjölbreyttum verkefnum í krafti reynslu okkar, þekkingar og þess metnaðarfulla fagfólks sem starfar hjá okkur. Fyrir vikið höfum við þjónustað fjölbreyttan hóp viðskiptavina á undanförunum áratugum, allt frá einstaklingum til stærstu fyrirtækja og stofnana landsins.





HJÁ MÚR OG MÁL STARFA LÖGGILDIR
FAGMENN OG VERKAMENN MEÐ ÁRATUGA
REYNSLU, EINS OG:

- BYGGINGAFRÆÐINGUR
- LÖGGILTUR BYGGINGASTJÓRI
- MÁLARAMEISTARAR
- MÚRARAMEISTARAR
- TRÉSMÍÐAMEISTARAR
- VERKAMENN





Go for the full stretch



4
4-way stretch

JOBMAN
WORKWEAR

KH
VINNUFÖT



FAGMENNSKA Í 40 ÁR

Við höfum frá upphafi lagt áherslu á heiðarleika, fagmennsku og traust - því eins og slagorð okkar segir: Það er yðar hagur að versla við fagmenn. Persónuleg þjónusta, lausnamiðuð nálgun og gott utanumhald verkefna hafa lengi verið okkar aðalsmerki og þess vegna erum við ennþá hér, 40 árum síðar.

Þegar við tökum að okkur verkefni viljum við að allt standist, hvort sem um er að ræða viðhaldsverkefni eða nýbyggingar. Þess vegna höfum við frá upphafi lagt ríka áherslu á góða og skipulagða stjórnun á öllum verkefnum, bæði stórum sem smáum.

Þannig höfum við séð til þess að tíma- og kostnaðaráætlanir séu í samræmi við væntingar viðskiptavinarins.

Múr og mál styðst við virkt gæðastjórnunarkerfi í samræmi við kröfur Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, er með öflugt innra eftirlit og starfsfólk okkar er með öll tilskilin réttindi sem iðnaðarmenn og byggingarstjórar. Fyrirtækið er í öllum fagfélögum sem tengjast störfum okkar auk þess að vera meðlimur Samtaka atvinnulífsins.



**ALLT FYRIR
VERKTAKA & BYGGINGAIÐNAÐINN**

Redder - Hyrjarhöfða 2 - www.redder.is - 558 0888



SKRÚFUR - MÚRBOLTAR - FESTINGAR - KÍTTI - ÖNDUNARDÚKAR
VERKFÆRI - ELDVARNARVÖRUR - GLUGGABORÐAR
JARÐVEGSSKRÚFUR - ÞÉTTIEFNI - ÞAKDÚKAR - LÍMBÖND

MEIRA EN BARA MÚR OG MÁL

Hjá okkur starfar fagfólk með langa reynslu úr hinum ýmsu iðngreinum. Þess vegna getum við hjá Múr og mál ekki aðeins boðið upp á heildstæðar viðhalds- og viðgerðarlausnir heldur einnig byggt húsnæði frá grunni. Hvort sem þú leitar að hleðslu á veggjum, þakviðgerð, endurnýjun á klæðningum eða gleri, fræsingu og flotun, parketlög, nýbyggingu, múrviðgerðum eða málun þá getum við leyst það.





”

**ÞAÐ ER YÐAR
HAGUR AÐ
VERSLA VIÐ
FAGMENN.**

SMÍÐI

Trésmíði hefur lengi verið stór hluti af starfsemi fyrirtækisins. Við hjá Múr og mál höfum reynsluna og færnina til að sinna fjölbreyttri og vandasamri trésmíði, bæði innanhúss og utan. Trésmíðameistarar okkar sinna öllu frá endurnýjun þaka og glugga, uppsetningu klæðninga og endurinnréttingu húsnæðis til almennra tréviðgerða og smíðavinnu.



NÝBYGGINGAR

Múr og mál getur ekki aðeins tekið að sér viðhalds- og viðgerðarverkefni heldur hefur starfsfólk okkar jafnframt mikla reynslu af uppbyggingu og frágangi nýbygginga. Þannig höfum við í áranna rás byggt og selt fjöldann allan af nýbyggingum um land allt, allt frá sumarbústöðum til stórra fjölbýlishúsa. Þá höfum við jafnframt byggt fjölbreytt atvinnuhúsnæði frá grunni, enda er ekkert verkefni of vandasamt fyrir fagfólk Múr og mál.







TRAUST SAMBAND Í ÁRATUGI

Í gegnum áratugina hefur Múr og mál starfað með mörgum af helstu stofnunum og fyrirtækjum landsins. Okkur hefur verið treyst fyrir margvíslegum og vandasömum verkefnum um allt land sem við höfum leyst með fagmennsku og heiðarleika að leiðarljósi. Við höfum ætíð hag viðskiptavinarins fyrir brjósti og sjáum til þess að verkgaðin séu í samræmi við kröfur hans, rétt eins og góð samskipti milli allra sem að verkinu koma. Þess vegna eru eftirfarandi aðilar meðal þeirra sem hafa treyst Múr og mál fyrir sínum verkefnum.





- VERKÍS
- EFLA VERKFRÆÐISTOFA
- LANDSPÍTALI
- REYKJAVÍKURBORG
- RÍKISKAUP
- VEITUR
- VSB VERKFRÆÐISTOFA
- EFLING STÉTTARFÉLAG
- VSÓ VERKFRÆÐISTOFA
- HJÁ-INGVARSSON EHF
- VERKÞJÓNUSTAN EHF
- THG ARKITEKTAR
- FÉLAGSBÚSTAÐIR
- HÚSFÉLÖG ALMENNT



TUNGUHÁLS 19,
110 REYKJAVÍK



S: 587 5100



WWW.MUROGMAL.IS

